

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEDHÖNDLUN ÚRGANGS, SORPSAMLAG ÞINGEYINGA KÓPASKERI

---

<b>Dagsetning</b>	25.5.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpsamlag Þingeyinga	<b>Guðmundsdóttir</b>	
<b>Heimilisfang</b>	Víðimóar 2, Húsavík	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	9.12.2012
<b>Kennitala</b>	711001-2470	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Hafsteinn Gunnarsson, Stefán H. Grímsson
<b>Starfsemi</b>	Urðun úrgangs	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	

---

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmd urðunar var í lagi en gerðar eru ein athugasemd og eitt frávik staðfest. Frávikið varðar mælingar á urðunarstað en athugasemdin, endurvinnslu úrgangs. Rekstraraðili er hvattur til að nýta farvegi fyrir endurvinnslu sé þess einhver kostur. Þá er vakin athygli á nýlegum kröfum um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma, undanþágum fyrir afskekktar byggðir og tíma sem tekur að endurnýja starfsleyfi eða loka urðunarstað.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða framkvæmd urðunar og skráningar. Urðunarstaður var skoðaður með umsjónarmanni og fundur haldinn með Hafsteini Gunnarssyni og Þorkeli Björnssyni heilbrigðisfulltrúa NE. Að síðustu er gerð grein fyrir fráviki er varðar mælingar á urðunarstað.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Mæling á lífrænum mengunarefnum og útvöldum þungmálum í lækjum sem liggja frá urðunarstaðnum hafa ekki farið fram síðustu ár.

**Frávik frá:** Ákvæði 4.2 í starfsleyfi en samkvæmt því skal árlega kanna og mæla lífræn mengunarefni og þungmálma í lækjum við urðunarstað.

### Athugasemd 1

Eitthvað var af endurvinnsluefni í úrgangi í urðunargryfju. Umhverfisstofnun vill hvetja rekstraraðila til að nýta farvegi fyrir endurvinnsluefni ef þess er nokkur kostur.

### Önnur atriði:

Starfsleyfi urðunarstaðarins rennur út í desember 2012. Reglur um takmarkaða lekt/ botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma o.fl.gengu í gildi 16. júlí 2009 sjá reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs, en urðunarstaðir í afskekktum byggðum eru undanþegnir viðkomandi ákvæðum. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á þessum ákvæðum og því að endurskoðun eða ógilding og lokun urðunarstaðar tekur nokkurn tíma, a.m.k. hálf ár.

Reykjavík 22.8.2011

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.